


HONDA
The Power of Dreams



Civic
Type R

kappaksturs DNA

Hann var á tveim hjólum, ekki fjórum, fyrsti draumur Soichiro Honda – 98 rúmsentimetra tvígengis mótórhjól réttnefnt „Draumur“.
Þetta var einföld vél en hún var lýsandi dæmi um öll verkefni Honda eftirleiðis; einfaldleiki, nýbreytni og sælan yfir að vera á ferð. En þessum takmörkum varð ekki náð með hönnun hversdagsbíla. Honda skildi að, til að hanna bestu mótórhjólín og bestu bílana yrðu þau að gangast undir erfiðustu prófin, og það þýddi aðeins eitt; kappakstur.

„Án kappaksturs er engin Honda“, sagði hann einu sinni. Hvort heldur við vinnum eða töpum spyrjum við sjálfa okkur alltaf sömu spurningarinnar – hvað getum við gert til að bæta frammistöðu okkar? Svörin hafa alltaf hvatt okkur til að skapa betri, kraftmeiri, öruggari og áreiðanlegri tæki – tæki eins og hinn nýja Civic Type-R.

Við viljum sigra og dreyma áframhaldandi sigra í öllum greinum sem við keppum í. Nú í ár eigum við nýjan heimsmeistara, á Repsol Honda RC211V, Nicky Hayden vann bæði MotoGP Constructor og Riders World Championship. Góður árangur hjá honum og liðinu öllu.





HONDA

REPSOL

REPSOL
AMERICAN
RACING

BLUE JEANS
GAS



nickyhayden.com
Arai
HELMET

REPSOL
Arai

REPSOL
BLUE JEANS
GAS

HONDA
REPSOL

SEIZER

SEIZER

efnisyfirlit

03 :: hönnun

05 :: hönnun útlits

07 :: hönnun innra rýmis

09 :: hönnun smáatriða

12 :: afköst og tækni

13 :: 2.0 i-VTEC

15 :: ánægja í akstri

17 :: öryggi

19 :: plús pakki

21 :: tækniupplýsingar

23 :: litir

25 :: aukahlutir

27 :: glósur

29 :: og hvað svo?







myearthdirect

03 hvað felst í merkinu?

Silfur H á dimmrauðum grunni. Merki sem þú munt aðeins finna á kraftmestu bílum okkar. Bílum þar sem kröfur okkar og verkfræðikunnátta eru nýtt til hins ýtrasta. Á hverju ári sendum við verkfræðingana og látum þá vinna með kappaksturliðum okkar áður en þeir byrja á hönnun fjöldaframleiddra bíla. Þegar þeir hafa kynnst hönnun og tækni í sinni tærustu mynd geta þeir nýtt sér þá kunnáttu við smíði háþróaðra ökutækja. Þetta á sérstaklega við um Civic Type-R

Tæknin á bak við einstaka fjöðrun og stýri Type-R hefur verið þróuð út frá reynslu okkar í Formúlu 1. Hvernig billinn liggur í beygjum og á brautinni eru lyklatríði að góðum tíma. Í Type-R hefur þessi tækni verið fínstillt svo að þú njótir akstursins í hvert sinn sem þú sest undir stýri og þá skiptir vegurinn engu máli.



hönnun útlits

Sprottinn af nýrri hönnun Civic, Type-R tekur róttækt útlit og fer með það enn lengra. Með lágt grill, ágengar línur ásamt breiðari brettum og hjólbogum lætur Type-R skína í augljósa hæfileika sína. En útlitshönnun bílsins segir líka heilmikið um afköst hans. Með notkun þríhyrninga, sterkasta rúmfræðilega forminu, höfum við skapað byltingarkennda hönnun fyrir nýjan Type-R. Árangurinn er auðkennandi blanda stíls og styrkleika, afkasta og afls.









aktu ekki, finndu

Í akstursþróttum skipta sekúndubrotin máli. Eitt sekúndubrot getur skilið milli fyrsta og annars sætis. Því er nauðsynlegt að öllum tækjum og upplýsingum sem ökumaðurinn þarfnast sé haganlega fyrir komið í umhverfi hans. Þróun þessarar hugmyndar fyrir Civic línuna leiddi til tvískipts mælaborðs. Umhverfið er hannað svo að þú sjáir á mælana án þess að taka augun af veginum. Þetta tengir þig bæði við veginn og bílinn og leyfir þér að taka ákvarðanir varðandi aksturinn á hraðari og öruggari máta.

Það er ekki nóg að hafa stjórnþækin á réttum stöðum, en þegar þú sest í fínlega saumaða Alcantara körfustólana færðu tilfinninguna að þú sitjir undir stýri á fínstilltu kappaksturstæki. Það eina sem þú þarft að gera núna er að ýta á starthnappinn.



A close-up, high-angle shot of the front left corner of a red car. The image highlights the sleek, aerodynamic lines of the bodywork, the triangular headlight housing, and the black grille with a diamond-patterned mesh. The lighting is dramatic, with bright highlights on the red paint and deep shadows in the recessed areas.

deildu draumum okkar

Allt umhverfi þitt er úthugað – allt frá leðurklæddu stýrishjólinu, sem einnig hýsir aðgerðarhnappa hljómtækjanna, til rauða þrósins sem heldur öllu saman. Núna notum við líka sömu einkennandi svörtu og rauðu áklæðin á aftursætin og við höfum notað á framsætin. Við vitum að þegar þú ekur þínum bíl, munt þú aka honum á þinn hátt. Þess vegna höfum við einkennt alla Civic Type-R með eigin raðnúmeri, staðsettu framan við gírstöngina.



1



2



3



4



5



6



7



8



9

1.

Eitt sérkenni Type-R er skjöldur með raðnúmeri bílsins staðsettur beint framan við gírstöngina.

4.

Einkennandi Type-R grillið er með vaxkökumynstri og rauðu „H“ merki.

7.

Opnun ventlanna breytist við 5.200 snúninga á mínútu, þá kviknar i-VTECH ljósið í mælaborðinu og það logar fram að efri snúningsmörkum vélarinnar við 7.800 snúninga á mínútu.

2.

Sérstök litasamsetning Type-R er áberandi í sætisáklæði bílsins, rauði liturinn flæðir frá Alcantara körfustólunum frammi í, aftur í ótrúlega rúmgóð aftursætin.

5.

Auðþekktur afturhlerinn er með tvískiptu gleri og vindskeið sem þrýstir bílnum niður að aftan og eykur stöðugleika hans.

8.

Upplýsingaskjár aksturstölvu bílsins er í miðjum snúningshraðamælinum og af honum má lesa fjölda ekinna kílómetra, hversu lengi bíllinn hefur verið í gangi og hitastig úti.

3.

Loftaflfræðileg hönnun hins nýja Type-R ásamt 15mm lækkun á veggþétt og sjö 18" áfelgum eru augljós merki um kappakstursæði bílsins.

6.

Gírstangarhnúðurinn er úr áli og gírstöngin er klædd svörtu leðri með rauðum saum. Sex gíra kassi er í bílnum og þægilega stutt milli gíra.

9.

Tvískipt miðstöð með loftkælingu gerir þér kleift að stilla hita fyrir ökumann annars vegar og farþega hins vegar.





12 eltum drauma okkar

Við hjá Honda stöðnum aldrei. Frá fyrsta kappakstrinum sem við tókum þátt í höfum við alltaf keppst við að gera betur. Skorum ekki aðeins á aðra heldur, það sem skiptir meira máli, okkur sjálf. En árangur okkar felst ekki í sjálfsánægju heldur felst í honum tækifæri til náms, til að auka við skilning okkar sem er nauðsynlegur frekari árangri. Aðeins á þennan hátt getum við smíðað bíl eins og Civic Type-R.

Í síðasta Grand Prix kappakstrinum 1965 horfðumst við í augu við þær erfiðu aðstæður sem fylgja því að keppa í súrefnissnauðu fjallalofti í 2.000 metra hæð. En í þessu umhverfi virkaði beina innspýtingin okkar vel og Ginthers náði naumum sigri á RA727 bíl sínum aðeins tveim árum eftir að við hófum keppni í Formúlu 1. Enn í dag lýsa orð Soichiro eftir keppnina því hvernig við hönnum bíla á borð við Civic Type-R.

„Við munum rannsaka hvernig við unnum og nýta okkur þá tækni við hönnun nýrra bíla.“

2.0 i-VTEC

Í okkar huga er kappakstursbrautin besti staðurinn til að prófa og fullmóta nýjar hugmyndir – staður þar sem við getum látið jafn mikið reyna á ímyndunaraflið og vélarnar okkar. Við kynnum nýja vél; 2,0 lítra i-VTEC mótaða af árangri okkar í Formúlu 1. Þetta er kraftmikil vél sem skilar hámarksafli við 7.800 snúninga á mínútu. Vélin er án túrbínu og skilar tafarlausri hröðun frá fyrsta upp í sjötta gir. Einstakt i-VTEC gaumljósið í mælarborðinu lætur þig vita nákvæmlega hvenær ventlaopnunin breytist - við 5.200 snúninga - fyrr en í nokkrum öðrum Type-R sem gefur vélinni betra viðbragð á lægri snúningi. Tvöfaldur yfirliggjandi knastás gerir það að verkum að vélin andar léttar og tryggir þar með hámarksafli hennar. Núna getur þú líka andað léttar.

Eiginleikar nýju vélarinnar eru m.a.:

- 2,0 lítrar
- Hámarksafli 201 hestafli við 7.800 snúninga á mínútu
- Létt kasthjól
- Tvöfaldur yfirliggjandi knastás
- Jafnvægisöxull við tímareimar
- Rafstýrð bensínjölf





ánægja í akstri

Sumir bílaframleiðendur keppast við að koma með nýjungar sem auðvelda ökumönnum aksturinn og svipta hann þar með ánægjunni af akstrinum. Í kappakstri þarf ökumaðurinn að hafa fullkomna stjórn á ökutæki sínu – þegar allt kemur til alls þá ekur þú bílnum, hann ekur ekki sjálfur. Einmitt þess vegna er Civic Type-R hannaður til þess að þú fái að njóta þín.

Uppfærð fjöðrun bætir aksturseiginleika bílsins og einstök stýring tryggir færri snúninga stýrishjólsins, bíllinn svarar þér vel og aksturinn verður ánægjulegri. Bættu við þetta lágbarða hjólbörðum á 18" felgum og auknu öryggi VSA, ABS, EBD ásamt BA og þú hefur grip, stjórn og sjálfsöryggi til að takast á við skörpustu beygjur íslenska vegakerfisins. Með vél sem þeytir bílnum frá kyrrstöðu í 100km/klst á 6,6 sekúndum munt þú finna ástríðuna og eldmóðinn sem skapaði þennan bíl – ástríðu sem fékk verkefnisstjórn okkar til að segja „Type-R er holdtekning samlagðrar áreynslu og viðleitni okkar.“ Skerðu bílinn í tvennt og okkur mun blæða.“

Öryggi

Ekkert í kappakstri er mikilvægara en öryggi ökumannsins. Hvernig getum við kafið ökumenn okkar um hámarksárangur í starfi ef hann er ekki sannfærður um eigið öryggi.

Hjá Honda skiptir öryggið mestu máli. Þess vegna reistum við okkar eigin öryggismiðstöð í Tochigi, heimsins stærstu og tæknivæddustu árekstrarbraut innanhúss. Þar höfum við þróað svo fljótvirkar og árangursríkar slysavarnir að þú veist varla af þeim og í sannleika sagt vonum við innilega að þú komir aldrei til með að upplifa hvernig þær virka. Hins vegar, gerir vitneskjan um þær og hvernig þær virka þér kleift að njóta akstursins enn frekar en ella. Endurbættar bremsudælur tryggja það að þú getir náð þínum hraða, stigið á bremsurnar og stöðvað bílinn á sama tíma og það tekur þig að lesa þessa setningu.

- Átta líknarbelgir (loftpúðar)
- ISOFix festingar fyrir bílstóla
- EBD bremsujöfnunaráttak
- ABS bremsur
- VSA stöðugleikastýring
- BA bremsuáttak







Type-R





plús pakki

Jafnframt því sem þú eykur við færni þína í akstri áttu möguleika á því að auka við nýja bílinn þinn með sérvöldum Honda aukabúnaði. Við hjá Honda erum alltaf að krefjast meira af okkur og við viljum að þú eigir einnig möguleika á því.

- Skriðstillir (Cruise Control)
- Tvískipt loftkæling
- Pokuljós
- Dagljósabúnaður
- Regnskynjari
- Rafstýrðir aðfellanlegir speglar



tækniupplýsingar

	2.0 i-VTEC	2.0 i-VTEC Plus		2.0 i-VTEC	2.0 i-VTEC Plus
Væli					
Gerð	4 cyl. léttmálmsvél með breytilegri ventlaopnun (i-VTEC), 16 ventla, 2 yfirleggjandi knastásar				
Slagrými (cc)	1998	1998			
Hestöfl (hó/snú)	201/7800	201/7800			
Hámarks tog (Nm/snú)	193/5600	193/5600			
Eldaneytiæyðsla					
Innanbæjarakstur (l/100km)	12,7	12,7			
Utanbæjarakstur (l/100km)	7,0	7,0			
Blandaður akstur (l/100km)	9,1	9,1			
CO ₂ útblástur (g/km)	215	215			
Gírskipting og akstursiginleikar					
Gírskipting	6 gírar beinskíptur				
Hröðun 0-100km/klst (sekúndur)	6,6	6,6			
Hámarkshraði (km/klst)	235	235			
Þyngd og gæta					
Farangursými, sæti upprétt (lítrar; VDA)	485	485			
Farangursými, sæti niðurféld (lítrar; VDA)	1352	1352			
Eldsneytistankur (lítrar)	50	50			
Felgur og dekk					
Felgur	18" álfelgur	18" álfelgur			
Dekk	225/40R18	225/40R18			
Viðgerðarsett fyrir dekk	S	S			
Öryggi					
Loftpúðar, fyrir bílstjóra og farþega í framsæti	S	S			
Hliðarloftpúðar í framsætum	S	S			
Loftpúðagardínur að framan og aftan	S	S			
Hemlalæsisvörn (ABS)	S	S			
Rafstýrð hemlaátaksdreifing (EBD)	S	S			
Skriðstillir (Cruise control)	-	S			
Hjálparhemlun	S	S			
Hástætt bremsuljós að aftan	S	S			
Styrktarbitar í hurðum	S	S			
Sætisbeltastrekkjarar í framsætum	S	S			
4 þriggja punkta sætisbelti	S	S			
ISOFix barnastólafestingar	S	S			
Þjófavörn	-	S			
Öryggi framhald					
Aðalljósasprautur	S	S			
Bremsudiskar að framan	S	S			
Bremsudiskar að aftan	S	S			
Stöðugleikakerfi (VSA)	S	S			
Drive By Wire (DBW)	S	S			
Höfuðpúðar fyrir alla farþega í aftursæti	S	S			
Að utan					
Samlitir stuðarar	S	S			
Samlitir hliðarspeglar	S	S			
Krómaðar hurðarhöldur	S	S			
Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar	S	S			
Loftnet innbyggt í afturrúðu	S	S			
Rúðupurrka að aftan	S	S			
Regnskynjari fyrir rúðupurrkur	-	S			
Tvöfalt krómað púst	S	S			
Stefnuljós í hliðarspeglum	S	S			
Aðfellaðlegir rafdrífir hliðarspeglar	-	S			
Þægindi og búnaður að innan					
Ljós í farangursrými	S	S			
Hanskahólf með loftkælingu	S	S			
Útdraganlegt veltistýri	S	S			
Boraðir fótpedalar úr áli	S	S			
Fóthvillar fyrir ökumann úr áli	S	S			
Regnskynjari	S	S			
Rafdrifið afstýri	S	S			
12V tengi að framan	S	S			
Loftkæling með frjókomasíu	S	-			
Útvarp/CD með fjarstýringu í stýri og 6 hátölurum	-	S			
Sjálfvirk tvískipt loftkæling með frjókomasíu	-	S			
Spegill í sólskyggni	S	-			
Spegill í sólskyggni með ljósi	-	S			
Glasabakkar að framan	S	S			
Rafdrifnar hliðarnúður	S	S			
12v tengi í farangursrými	S	S			
Lesljós að framan	S	S			
Ljós fyrir farþega í aftursæti	S	S			
Ljós í hanskahólfi	S	S			
Ljós í farangursrými	S	S			
Glasabakkar í hliðarhurðum	S	S			
Leðurklætt stýri	S	S			

klæðskerasniðinn draumur

Ljáðu þínum bíl þinn persónuleika. Við höfum hannað aukahlutalínu sérsníðna að Type-R. Settu þitt mark á bílinn þinn, jafnt að innan sem utan.

1.

19" x 7,5" álfelgur sérstaklega fyrir Type-R. Þóleraðar fimm arma felgur með perlulakkaðri bakhlíð.

2.

Civic tengibúnaður fyrir iPod gefur þér kost á því að njóta alls tónlistarsafns þíns með því að tengja spilarann við hjómkerfið í bílnum.

iPod er skrásett vörumerki Apple Inc., sem er skrásett í Bandaríkjunum og fleiri löndum.

3.

Rauð lýsing undir mælaborð, lýsir upp fótarymið og skapar skemmtilega stemmningu.

4.

Filmur í glugga. Fáðu dökkar filmur og verndaðu bæði farþegana og þau verðmæti sem þú geymir í bílnum gegn geislum sólarinnar og forvitnum augum.

5.

Svunta að framan: Tveggja tóna svunta í keppnisanda sem passar við litinn á þínum Type-R og gefur honum skarpari línur.

6.

Svunta að aftan: Tveggja tóna svunta í keppnisanda sem passar við litinn á þínum Type-R og eykur kappaksturslegan stíl hans.

Type-R merkið og límmiðar sem eru sýndir á myndum 5 og 6 leggja aukna áherslu á einkenni Type-R.

Fáðu frekari upplýsingar hjá aukahlutadeild Honda eða á heimasíðunni www.honda-access.com



1



2



3



4



5



6

F1
Honda Racing
Team
T-CAR F1

glósur

Hemlælæsivörn (ABS) og hemlunaráttaksdreifing (EBD)

Hemlælæsivörn (ABS) í Civic Type-R tryggir jafna og örugga hemlun og að þú hafir fulla stjórn á bílnum, sama hversu fast er stigið á bremsur. Skynjarar nema hvort hjólin eru við það að læsast og bregðast við með því að auka og minnka á víxl hemlunarþrýstinginn á hvert og eitt hjól fyrir sig. Í Civic Type-R er notað fjögurra rása kerfi sem verkar sjálfstætt á hvert hjól. Með notkun hemlunaráttaksdreifingu (EBD) er náð jöfnu hemlunarátaki á öll fjögur hjól bifreiðarinnar og þar með jafnri hemlun hennar.

Hemlunaraðstoð (BA)

Rannsóknir hafa sýnt að í neyðratilvikum stíga yfir 90% ökumanna ekki nógu þétt og ákveðið á bremsur. Til að vegna á móti þessu eru notaðir skynjarar sem mæla hversu hratt er stigið á bremsur. Þegar neyðarhemlun er skynjuð eykur hemlunaraðstoðin átakið sem aftur virkjar hemlælæsivörnina. Hemlunaraðstoðinni er aðeins beitt þegar hennar er þörf og hún hættir sjálfkrafa um leið og stigið er af bremsupédalanum.

Stöðugleikastýring (VSA)

Stöðugleikastýringin aðstoðar þig við að halda fullri stjórn við erfiðar aðstæður eins og þegar ekið er hratt í krappar beygjur með því að skynja og leiðrétta mögulega undir- og yfirstýringu. Sívirkur búnaðurinn vaktar hraða, inngjöf, hraða hvers hjóls, stöðu framhjólanna, hliðaráttak og hliðarsveiflu bifreiðarinnar. Þegar aðstæður krefjast bregst stöðugleikastýringin við, dregur úr togi vélarinnar og notar hemlælæsivörnina til að hægja á hverju hjóli fyrir sig og heldur bílnum stöðugum. Viðbragð stöðugleikastýringarinnar er svo snögg að ökumaðurinn tekur varla eftir nokkru.

Spólvörn

Spólvörn er innbyggð í stöðugleikastýringuna og minnkar hættu á spóli á griplittu yfirborði. Ef annað hvort hjólið er við það að missa grip er bremsum þess beitt og/eða vélarafllinu beint á hitt hjólið þangað til öruggu gripi er náð.

Öryggi ökumanns og farþega

Civic Type-R er búinn skilvirkum öryggisbúnaði til vamar slysum á ökumanni og farþegum hans við hin ýmsu skilyrði. Sex loftbúðar eru til staðar, þar með taldir hliðarloftþúðar og loftþúðagardínur og virkni þeirra er tryggð með háþrúðum skynjurum sem fylgjast með öllu frá og með ákomu og krafti höggs við árekstur, til og með stærð framsætisfarþega. Öll sæti eru búin þriggja punkta öryggisbeltum og framsætin eru búin virkum búnaði sem leiðrétta stöðu ökumanns og farþega þegar höggjið ríður af.

2,0 lítra i-VTEC vél

Nýr Civic Type-R er knúinn áfram af 201 hestafs túrbínulausi 2,0 lítra i-VTEC vél. Þessi vél er hönnuð með fágun og afl að leiðarljósi og skilar því fullkomlega þökk sé nýju jafnvægisaskafti og rafstýrri inngjöf. Hámarksafl er náð við 7.800 snúninga á mínútu og þessi vél skilar enn betra viðbragði til ökumanns. Hátt snúningsjafnvægi vélarinnar með hærri og lengri opnun ventlanna frá 5.200 snúninga á mínútu allt til 7.800 snúninga á mínútu, gerir framúrakstur fljótlegri og öruggari þar sem breitt og aðgengilegt snúnings svið vélarinnar gerir gírskiptingu óþarfa.

i-VTEC gaumljós

Breytt opnun ventlanna er gefin til kynna með sérstöku i-VTEC gaumljósi staðsettu rétt hægra megin við stafrænan ökumælinn. Einstakt gaumljósið kviknar um leið og vélin nær 5.200 snúninga á mínútu.


CO₂

CO₂ eða koldíoxíð er í útblástri bifreiða og orsakar gróðurhúsaáhrif. Minnkuð losun koldíoxíðs hjálpar okkur að vernda jörðina.



29 og hvað svo?

Draumur okkar er að vinna titil framleiðanda í Formúlu 1. Við lok níunda og upphaf tíunda áratugarins unnum við titilinn sex ár í röð en í stöðugri leit okkar að fullkomnun gerum við okkur grein fyrir að það er ómögulegt að sigra alltaf. En við getum alltaf ögrað sjálfum okkur og keppst við að betrumbæta það sem við höfum áður gert. Einmitt þess vegna erum við hjá Honda svo stolt af nýjum Civic Type-R og öllu því sem hann stendur fyrir. Við vonum að þú verðir það líka.



„Án kappaksturs er engin Honda“
Soichiro Honda

